

Myndbandið “Að velja íslenskt? Ekkert mál – ef þú ert vel læs ...”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- samantekt – af hverju skiptir máli fyrir samfélagið allt að styðja íslenska bændur
- besta aðferðin er að kaupa matvæli úr íslensku hráefni
- en upprunamerking oft lítið áberandi – mörg dæmi, fundin í raunverulegri búð
- leiðbeiningar til að finna samt “réttu” vörurnar

Án bænda væri Ísland tóm (sjá **ítarlega myndbandið** með sama heiti um hlutverk bænda í stóru samhengi). Neytendur, ekki síst nemendur og foreldrar þeirra, geta komið í veg fyrir það ef þeir kaupa mat úr íslensku hráefni. Yfir 95% íslenskra bænda eru sauðfjár- og/eða kúabændur – það eru þeir sem eru undirstaða byggðarinnar. Þess vegna skiptir öllu máli að íslenska samfélagið styður þessa bændur – með því að nota hausinn þegar það verslar í matinn.

Innflutt hráefni er ódýrt (enda oftast lakari kröfur erlendis hvað dýravelferð, lyfjanotkun og notkun eiturefna varðar, auk lægra launa og hagstæðara loftslags) og þess vegna vinsælt hjá framleiðendum. Neytendur þurfa þess vegna að lesa innihaldslýsingar vel ef þeir vilja kaupa íslenskt og styðja íslenska bændur. Fæstir gera sér til dæmis grein fyrir því að vinsælasta pylsutegundin inniheldur líka innflutt kjöt í dag. Myndbandið sýnir í mörgum dæmum hvernig hægt er að afla sér upplýsinga.

Bent er einnig á nýja merkið “Íslenskt staðfest”, sem setur skýrar reglur varðandi uppruna hráefna og auðveldar leitina að sannarlega íslenskum matvælum. Eini gallinn er að það tekur talsverðan tíma að breyta öllum umbúðunum þannig að merkið sjáist á öllum vörum sem fullnægja kröfunum, því umbúðir eru yfirleitt prentaðar í mjög háu upplagi. Vörur Mjólkursamsölnunnar (MS) uppfylla til dæmis öll skilyrði, en það sést enn ekki á öllum umbúðum þeirra.

Öruggasta leiðin fyrir neytendur og best fyrir bændur er að kaupa afurðirnar á bænum þar sem þær eru framleiddar – þ.e. “beint frá býli”. En ekki allir bændur eru með söluaðstöðu eða söluleyfi. Heimasíðan beintfrabyli.is veitir nánari upplýsingar.

Mikilvægt er að hafa eitt í huga – sérstaklega ef nemendur eða ættingjar/vinir þeirra koma e.t.v. úr löndum, sem eru nefnd í myndbandinu: Að kaupa íslenskt hefur ekkert með rasisma að gera. Það er viðurkennd stefna í mörgum löndum heims að styðja bændur í nærumhverfinu. En óháð því eru einmitt víða erlendis notkun sýklalyfja og ábótavant dýravelferð mjög umdeilt atriði, sérstaklega meðal ungs fólks í þessum löndum, sem leiðir til þess að það hættir að neyta dýraafurða. Það er rökrétt og kemur heim og saman við að ráðleggja Íslendingum að kaupa matvæli úr íslenskum hráefnum. Það er staðreynd að Ísland er með sérstöðu á heimsvísu bæði hvað hreinleika landbúnaðarafurða og dýravelferð varðar.

Við mælum eindregið með því að **horfa einnig á myndbandið “Of dýrt?”** til að skilja betur hverjir ráða verði matvæla í búðinni og af hverju innflutt matvæli eru oftast ódýrari.

Meira um efnið:

- heimasíðan *stadfest.is*
- heimasíðan *beintfrabyli.is*

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Hvernig veistu frá hvaða landi hráefnið í matvælum kemur?
- Eru pylsur sem eru framleiddar á Íslandi alltaf úr íslensku kjöti?
- Unnar kjötvörur, til dæmis snitsel í raspi: Er skylda að gefa upp hvaðan kjötið kemur?
- Sést einhver ytri munur á íslenskum og innfluttum papríkum?
- Hvaða íslenskar vörur eru fáanlegar allt árið?
- Verkefni: Veldu eina hillu með kjötvörum í næstu búðinni og taktu myndir af öllum vörum og innihaldslýsingum. Gerðu eins með eina hillu af mjólkurvörum. Ræddu niðurstöðurnar í næsta kennslutíma við hina nemendur og kennarann.

Ert þú með athugasemdir eða spurningar til okkar? Hafðu samband:
forvitni@forvitni.net